

Föstudaginn 3. apríl 1998.

Nr. 152/1998. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn

Davíð Garðarssyni
(Karl G. Sigurbjörnsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. apríl 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. apríl sl., þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um, að varnaraðila yrði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til miðviku-dagsins 27. maí nk. kl. 16.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur, en til vara, að sér verði gert að sæta farbanni í stað gæsluvarðhalds. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, beinist grunur að varnaraðila um, að hann hafi ásamt félaga sínum staðið að því að flytja til landsins rúmlega eitt kíló af amfetamíni frá Pýskalandi í bifreið á nafni umrædds félaga varnaraðila. Báðir mennirnir neita sakargiftum. Um ástæður þess, að grunur um þetta brot beinist að varnaraðila, er í málatilbúnaði sóknaraðila meðal annars vísað til þess, að varnaraðili hafi verið erlendis með félaga sínum, þegar hinn síðarnefndi kveðst hafa keypt bifreiðina. Varnaraðili hafi keypt mikinn gjaldeyri skömmu fyrir ferðina og beitt til þess óvenjulegum aðferðum, því að hann hafi fengið aðra til að annast kaupin fyrir sig. Séu skýringar varnaraðila á því ótrúverðugar. Eftir að kaupandi bifreiðarinnar var handtekinn vegna málsins 9. mars 1998, hefði varnaraðili hringt eða reynt að hringja til hans 26 sinnum á rúmum fjórum klukkustundum. Hann hefði meðal annars látið eftir skila-

boð í talhólfi, sem veki grun um hlut hans að innflutningi fíkniefnanna. Varnaraðili hafi að auki leitast mjög við að komast í umrædda bifreið, þótt hann hafi borið, að félagi sinn hafi staðið einn að kaupum hennar. Pyki skýringar varnaraðila á öllum þessum atriðum benda mjög til sektar hans. Einnig hafi komið í ljós fjármálag tengsl í ákveðnum atriðum á milli varnaraðila og umrædds félaga hans.

Fallist verður á það með sóknaraðila, að þau atriði, sem að framan greinir, nægi ein sér til þess, að telja megi rökstuddan grun beinast að varnaraðila um að eiga hlut að fyrrnefndu broti.

Meðal gagna málsins er beiðni um aðstoð við rannsókn þess, sem sóknaraðili kveðst nú hafa sent þýskum lögregluyfirvöldum. Er þar meðal annars óskað eftir því, að tekin verði skýrsla af bifreiðasala, sem fyrrnefnd bifreið hafi verið keypt hjá. Jafnframt er leitað eftir því, að skýrslur verði teknar af þeim, sem kunna að hafa veitt varnaraðila eða félaga hans aðstoð á vegum bifreiðasalans við að flytja bifreiðina á milli staða í Hamborg, þar til hún var afhent til flutnings hingað til lands. Í öllum tilvikum er ýtarlega greint frá því, sem sóknaraðili telur nauðsynlegt að reyna að fá upplýsingar um hjá þessum vitnum. Sóknaraðili kveður yfirvöld í Þýskalandi þegar hafa veitt vilyrði fyrir því, að þessu erindi verði sinnt tafarlaust.

Þær rannsóknaraðgerðir, sem að framan greinir, geta leitt til þess, að mikilvægar upplýsingar fáiast í málinu, hvort sem þær styrki grun á hendur varnaraðila eða veiki. Þótt sóknaraðili hefði getað gripið til þessara aðgerða, áður en gæsluvarðhaldi yfir varnaraðila lauk, verður ekki litið svo á, að slíkar tafir hafi orðið á þeim, að efni hafi verið til að hafna kröfu sóknaraðila um framhald gæsluvarðhalds, sem var meðal annars reist á þessari forsendu fyrir héraðsdómi. Hætta er á, að varnaraðili geti torveldað öflun framangreindra upplýsinga, þegar þeirra verður leitað, ef hann gengur frjáls ferða sinna, þótt hann hafi vissulega nú þegar haft nokkurt ráðrúm til þess eftir uppkvaðningu hins kærða úrskurðar. Þegar þess er gætt, verður fallist á með sóknaraðila, að fullnægt sé skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds.

Samkvæmt framansögðu verður varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þess tíma, sem í dómsorði greinir.

Varnaraðili, Davíð Garðarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 17. apríl 1998 kl. 16.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. apríl 1998.

Ár 1998, miðvikudag 1. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Davíð Garðarssyni, kt. 190869-5399, Laugavegi 20 a, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 27. maí 1998 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði er grunaður um að hafa flutt inn rúmlega eitt kíló af amfetamíni í félagi við Sigurð Örn Ágústsson í bifreið, sem var flutt inn af Sigurði og kærði veitti aðstoð sína við. Þeir neita báðir sakargiftum og hafa setið í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins í þrjár vikur. Þeir neita báðir sök.

Eins og fyrir tveimur vikum, þegar lögreglan óskaði framlengingar gæsluvarðhalds kærða, reisir lögreglan kröfu sína á því, að nauðsynlegt sé „að rannsaka og kanna betur mjög afgerandi þætti í málinu, en það snýr að verulegu leyti að fólki og atburðum í Þýskalandi“. Þá þótti eins og nú nauðsynlegt, að bifreiðasali í Þýskalandi gæfi skýrslu um þátt kærða í kaupum bifreiðarinnar, sem var flutt inn til landsins og fíkniefnin fundust í.

Samkvæmt gögnum málsins hringdi lögreglumaður einu sinni, þ. e. 23. mars sl., í símanúmer bílasölnunnar, þar sem bifreiðin, er umrædd fíkniefni fundust í, var keypt, og ræddi þá án þess að kynna sig við „óþekktan karlmann“ um verð BMW-bifreiða hjá bifreiðasölnunni. Lögreglan hefur lagt fram bréf, dagsett 30. mars 1998, „Til þeirra, er málið varðar“, sem hún hyggst senda þýskum lögreglufyrirvöldum, þegar lokið hefur verið við að þýða það á þýsku. Í þessu bréfi er farið fram á, að umræddur bílasali verði yfirheyrður sem vitni í málinu og enn fremur þeir aðstoðarmenn, sem komið hafi að flutningi bifreiðarinnar. Samkvæmt bréfinu á að yfirheyra bílasalann um einstök atriði varðandi sölu bifreiðarinnar og enn fremur láta fara fram myndsakbendingu.

Þegar gæsluvarðhaldi er beitt á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, ber að vinna að máli sakbornings án ástæðulausrar tafar. Ekki verður séð, að lögreglan hafi nýtt sem skyldi þær þrjár vikur, er kærði hefur setið í gæsluvarðhaldi, til að hlutast til um öflun þeirra upplýsinga í Þýskalandi, sem hún leggur svo ríka áherslu á, að kærði geti torvelað, fari hann frjáls ferða sinna. Með hliðsjón af þessu og í ljósi þess, að lögreglan þykir

hafa rökstutt nægilega, að líkur séu á, að framburður bifreiðasalans eða sakbending hans geti haft umtalsverða þýðingu um niðurstöðu rannsóknarinnar, verður að hafna því, að kærða verði gert að sæta lengur gæsluvarðhaldi á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Gögn málsins þykja ekki gefa nægilegar vísbendingar um aðild kærða að innflutningi umræddra fíkniefna, til að fullyrt verði, að fram sé kominn sterkur grunur í skilningi 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Kröfu lögreglustjórans í Reykjavík er því hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um, að kærða, Davíð Garðarsyni, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, er hafnað.
